



# Hlutverk slökkviliðsins

Ráðstefna slökkviliðsstjóra

Elísabet Pálmadóttir

Sviðsstjóri slökkviliðasviðs




# Hver er lágmarksgeta slökkviliðs ?

- Hús sem slökkvilið segir í Brunavarnaáætlun að það ráði ekki við
- Hvað ætlar slökkviliðsstjóri að gera ?
  - Eðlilegt hús í eðlilegum rekstri
    - Auka einkabrunavarnir
    - Efla slökkviliðið
  - Hús sem ekki uppfyllir kröfur byggingareglugerðar
    - Hús séu ekki tekin í rekstur án þess að byggingafulltrúi sé búinn að klára sína vinnu
    - Gera kröfur og beita þvingunarúrræðum



# Verkefni slökkviliða



1. Vatnsöflun og slökkvistarf utanhúss.
  2. Slökkvistarf innanhúss og reykköfun.
  3. Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum, eiturefnaköfun.
  4. Eldvarnaeftirlit.
  5. Önnur þjónusta
- Björgun fólks með klippum, glenum eða öðrum útbúnaði, m.a. úr bílflökum. Kemur sem flokkur 5 ef það bætist inn í lögin.

# Verkefni útkallseiningar slökkviliðs

(sjá m.a. 21. gr. laga nr. 75/2000)

- a) Að slökkva eld sem verður laus og/eða fyrirbyggja hann sé bráð hætta á að slíkt atvik verði, þ.m.t. viðbrögð við flugslysum, skipum bundnum við bryggju og náttúruvá.
  - b) Að hafa með höndum viðbúnað við mengunaróhöppum á landi þ.m.t. ár og stöðuvötn og stöðva útbreiðslu efna frá mengunaróhappi á landi eða fyrirbyggja það sé bráð hætta á að slíkt atvik verði.
  - c) Að sjá til þess að fólk sem þarf að rýma húsnæði sitt vegna slyss sbr. a) eða b) lið sé skráð, komið í húsaskjól og þeim sinnt eftir þörfum.
  - d) Eftirlit með vatnsöflun (brunahönum og vatnsbólum)  
Árlegt eftirlit, skráning og kort
- Önnur verkefni sem slökkviliðunum er falið að vinna samkvæmt brunavarnaáætlun sveitarfélagsins.

# Óleyfisíbúðir – hvar býr fólk ?

- 1.mars 2009 átti að vera búið að rýma óleyfisíbúðir sem ekki væri búið að gefa leyfi fyrir. Hvaða niðurstöður hafa fengist:
  - könnun á ólögumætri búsetu í atvinnuhúsnæði í sveitarfélaginu ?
  - kröfur um úrbætur á slíku húsnæði ?
  - breytingar á deiliskipulagi í sveitarfélaginu til þess að leyfa búsetu á svæðum sem áður voru skipulögð sem atvinnuhúsnæði eingöngu ?
  - kröfur um að slíkt húsnæði væri rýmt ?



Mikill viðbúnaður slökkviliðs og lögreglu var vegna eldsins í Tryggvagötu. Húsnæðið er skráð sem iðnaðar- og verslunarhúsnæði og er ekki gert ráð fyrir íbúðum í því.

Elísabet Pálmadóttir, 26. mars 2009

# Tryggja öryggi reykkafara með kröfum til menntunar, þjálfunar og búnaðar.

- Reglugerð um reykköfun er sett til að tryggja öryggi
- Búnaði skal viðhaldið samkvæmt reglugerð 354/1984
- Menntun, þjálfun og árleg læknisskoðun reykkafara er skyld samkvæmt reglugerð 354/1984

Þjónustustig 2 slökkvistarf innanhúss og reykköfun (lágmarkskröfur):  
4 reykkafarar með menntun, þjálfun og læknisskoðun  
5 reykköfunartæki sem uppfylla kröfur  
4 talstöðvar fyrir reykkafara auk talstöðvar fyrir stjórnanda reykkafara

# Persónuhlífar

- Slökkviliðsmenn í útkallsliði skulu fá nauðsynlegar persónuhlífar til að sinna þeim störfum sem krafist er af þeim, þeir skulu þekkja búnaðinn og þolmörk hans.
- Reykkafarar og efnakafarar skulu hafa reykköfunarbúnað, klæðnað og búnað sem gerir þeim kleift að fást við þau verkefni sem þeim eru falin af öryggi. Þar sem hættu er á eitrun skal nota öndunarvörn með yfirprýstingi.
- Þegar keyptar eru persónuhlífar skal eingöngu velja búnað sem uppfyllir kröfur í gildandi stöðlum og reglugerðum.
- Persónuhlífar sem ekki uppfylla kröfur t.d. hafa orðið fyrir álagi þannig að þær hafi tapað hlífðargildi sínu skulu teknar úr notkun.



Elísabet Pálmadóttir, 26. mars 2009


Viðbragðsáætlanir geri ráð fyrir beinum boðleiðum til sveitarstjóra óháð skipuriti

- Sveitarstjórn ræður slökkviliðsstjóra og varaslökkviliðsstjóra
  - Slökkviliðsstjóri er yfirmaður slökkviliðs en í forföllum hans varaslökkviliðsstjóri
- Slökkviliðsstjóri
  - hefur eftirlit með því að farið sé eftir lögnum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim.
  - stjórnar slökkvistarfi við eldsvoða og hefur stjórn á vettvangi við mengunaróhöpp á landi.
- Ekki svigrúm fyrir langar boðleiðir þegar taka þarf ákvarðanir t.d. um kostnaðarsamar aðgerðir á erfiðum slysavettvangi


# Mikilvægi menntunar slökkviliðsstjóra

- Stór hluti starfandi slökkviliðsstjóra hefur ekki lokið fullnaðarnámi eins og það er skilgreint í lögum nr 75/2000 og reglugerð nr. 792/2001

## Menntun slökkviliðsstjóra



## Íbúafjöldi og menntun slökkviliðsstjóra



# Eldvarnaeftirlit

- Markmið með eldvarnaeftirliti sveitarfélaga er að hafa eftirlit með því að framfylgt sé ákvæðum laga og reglna um brunavarnir.
- Eldvarnaeftirlit útvegar upplýsingar sem notaðar eru til að gera slökkviáætlanir og viðbragðsáætlanir.
- Sveitarfélög geta haft samstarf um eldvarnaeftirlit og ráðið sameiginlega eldvarnaeftirlitsmann, um það skal gerður sérstakur samningur.

# Eldvarnaeftirlit - menntun

- Eldvarnaeftirlit skal vera þannig mannað og hjá því skal vera nægjanleg þekking og reynsla til þess að það ráði við eftirlit með þeim áhættum sem skilgreindar eru í brunavarnaáætlun.
- Stjórnandi í eldvarnaeftirliti skal hafa lokið Eldvarnaeftirlitsmanni I-III í Brunamálaskólanum eða hafa sambærilega menntun sem Brunamálastofnun metur jafngilda.
- Þeir sem sinna eldvarnaeftirliti skulu a.m.k. hafa lokið Eldvarnaeftirlitsmanni I í Brunamálaskólanum eða hafa sambærilega menntun sem Brunamálastofnun metur jafngilda.

# Slökkvilið – þarf að setja í reglugerð skilgreiningu á því hvar eigi að vera menn í fullu starfi ?

- Í þéttbýli
  - með yfir 15000 íbúa er gerð krafa um atvinnuslökkvilið. (3 slökkvilið)
  - Á svæðum með yfir 5000 íbúa í þéttbýli er gerð krafa um dagvinnulið auk vaktbundinna *skipaðra* liða. (3-4 slökkvilið)
  - Á svæðum þar sem í þéttbýli eru undir 5000 íbúar er eingöngu krafa um vaktbundin *skipuð* lið.
- Í þéttbýli með fleiri en xx íbúum náist 1 útkallseining slökkviliðsins í útkall á vettvangi þannig að vinna sé hafin innan 10 mín. (xx = 300 eða 500 ? )
- Í sveitarfélagi þar sem ekki er nægur fjöldi íbúa til að manna slökkvilið verður sveitarfélagið að semja um aðstoð við nærliggjandi sveitarfélag og tryggja einkabrunavarnir til að uppfylla markmið laga um brunavarnir. (Færri en xx)

# Hvað gerist ef sjúkraflutningarnir fara út úr slökkviliðunum ?

- Hvaða hlutverk á slökkviliðið að hafa ?
  - Hvaða verkefnum sinnir slökkviliðið
- Hver er lágmarksviðbúnaður slökkviliðs?
  - Samræmi við þjónustuverkefni
    - Mönnun, æfingar/þjálfun, menntun, tryggingar
    - Búnaður



Útreiknuð slökkvivatnspörf fyrir byggingu (Slökkvivatn fyrir byggingar (til sem Excel skjal)) ?

Hvað þarf marga slökkviliðsmenn til að vinna verkið ?

Þumalputtareglur:

Einn slökkviliðsmaður fyrir hverja 300 l/mín

Einn slökkvibíll fyrir hverja 3000 l/mín

# Þjónustusvæði slökkviliða

- Innan starfssvæðis slökkviliðs geta öll þjónustusvæði verið til staðar
  - þar sem minnst 1 útkallseining (1 stjórnandi, 1 ökumaður og 3 reykkafarar) eru komnir á vettvang innan 10 mín. frá útkalli.
  - þar sem minnst 1 útkallaseining eru komnir á vettvang innan 15 mín. frá útkalli.
  - þar sem meira en 15 mín. líða frá útkalli áður en minnst 1 útkallseining eru komnir á vettvang.
- Í mjög dreifðum byggðum þar sem sveitarfélag nær ekki að uppfylla ofangreint þjónustustig verður að tryggja brunavarnir með öðrum hætti og þá einkum með einkabrunavörnum og forvörnum.

# Slökkvilið

- Slökkvilið á svæði þar sem þjónustusvæði er í flokki 1 þurfa að vera skipulögð þannig að það sé tryggt að í fyrsta útkalli mæti a.m.k. 5 manns sem geti sinnt:
  - Reykköfun (3)
  - Vatnsöflun (1)
  - Stjórnun (1)
- Slökkvilið á svæði þar sem þjónustustæði er í flokki 2 þurfa að vera skipulögð þannig að í fyrsta útkalli mæti a.m.k. 7 manns sem geti sinnt:
  - Reykköfun (5)
  - Vatnsöflun (1)
  - Stjórnun (1)
- Ef forsenda slökkvistarfs í sveitarfélaginu byggist að einhverju leiti á notkun körfubíls eða tankbíls þarf að bæta við þeim mannskap sem þarf til að sinna þeim tækjum.
  - Körfubíll (1)
  - Tankbíll (1)

# Mannafli

- Lágmarksfjöldi slökkviliðsmanna skal ákveðinn í Brunavarnaáætlun sveitarfélagsins en skal þó aldrei vera færri en að í stærri aðgerðir komi innan 30 mín.:
  - 1 slökkviliðsstjóri
  - 4 stjórnendur
  - 16 almennir slökkviliðsmenn
- Fjöldi slökkviliðsmanna sem tilheyrir 1 slökkvistöð má aldrei vera minni en 1 útkallseining (5-7 manns eftir þjónustuavæðum)

# Hvað þarf margna íbúa til að manna slökkvilið?

- 5 slökkvilið með færri en 300 íbúa á starfssvæðinu
- 6 slökkvilið með fleiri en 5000 íbúa á starfssvæðinu
- Í sveitarfélagi með 500 íbúa eru u.þ.b. 100 karlmenn á aldrinum 18-50 ára
- Í sveitarfélagi með 200 íbúa eru u.þ.b. 50 karlmenn á sama aldri
  - Hluti þeirra getur verið með skráð lögheimili en ekki fasta búsetu, sjómenn eða vinna í öðrum byggðalögum
- Mikilvægt að taka mið af verkefnum slökkviliðsins þegar ákveðið er hver lágmarksfjöldi í útkalli þarf að vera.

En ekki má gleyma konum og fólki sem er af erlendu bergi brotið þegar manna á slökkviliðið.

# Greining á mannaflapörf

Eldur í eldhúsi veitingastaðar á jarðhæð, reykur í húsinu, engin útbreiðsla, engin lífbjörgun ([www.brs.dk](http://www.brs.dk))

Verkefni	Framvinda						Mönnun			Búnaður	Bílar
	Tímalína (5 mín.)						Vettvstj.	Stjórn.	Slökkviliðsm		
Vettvangs- stjórnun							1				1 stjóri
Stjórnun mannafla								1			
Slökkvistarf									4		1 dælubíll
Vatnsöflun									1		1 tankbíll
Dælumaður									1		
Reyklosun									1		
<b>Mönnun alls</b>	1	1	1	1	1	1	1				
		+	+	+	+	+					
		1	1	1	1	1		1			
		+	+	+	+						
		2	6	6	5				6		

# Mannaflí

- Eftirlit Brunamálastofnunar
  - Æfingar slökkviliða í samræmi við lög 75/2000, reglugerð 354/1984 og markmið Brunavarnaáætlunar.
  - Menntun og mönnun slökkviliðs í samræmi við markmið Brunavarnaáætlunar.
  - Réttindi reykkafara uppfærð árlega í gagnagrunni Brunamálastofnunar

# Slökkvistöð

- Húsnæði slökkviliða þarf að vera í sérstöku brunahólfri þar sem ekki er önnur starfsemi en sú sem tilheyrir slökkvistöðinni.
- Við slökkvistöðina þarf að vera brunahani

# Slökkvistöðvar þurfa að

- Vera þannig staðsettar að þær séu öruggar vegna eldsvoða eða annarra slysa í nágrenni þeirra
- Útkeyrsluhurðir séu a.m.k. 4 m breiðar, 4,20 m háar og bein leið út fyrir öll útkallstæki, útkeyrslur séu greiðfærar og yfirsýn inn á aðliggjandi vegi góð
- Hafa nægjanleg bílastæði fyrir slökkviliðsmenn (sérstaklega mikilvægt þar sem hlutastarfandi eiga í hlut)
- Vera þannig innréttaðar að hægt sé að viðhalda búnaði
- Vera fullupphitaðar (18°C) og ekki auðvelt að brjótast inn í þær
- Vera þannig innréttaðar að það sé hægt að sinna stjórnssýsluverkefnum og skipulagningu og framkvæmd æfinga.
- Uppfylla kröfur um vinnustaði m.a. m.t.t. fundaaðstöðu, kaffistofu, gístiaðstöðu, snyrtinga, búningsherbergja, og aðstaða að þrifa persónulegan hlífðarfatnað.

# Búnaður

- Slökkviliðið skal hafa til umráða til þess fallinn búnað að sinna þeim verkefnum sem felast í viðbragði við bruna og önnur slys.
  - Búnaðurinn skal hafa mikið rekstraröryggi.
  - Til búnaðar teljast bílar, dælur, slöngur og önnur tæki og tól til notkunar við slökkvistarf ásamt búnaði til notkunar við bráða mengun.
- Á svæðum þar sem ekki er hægt að skaffa nægjanlegt vatn án fyrirvara til slökkvistarfs skal slökkviliðið geta tekið með sér nægjanlegt vatn á tönkum.

## Afskriftir búnaðar

Hvað getur fyrsti bíll verið gamall ?

Hvað er einkabíllinn gamall eða atvinnutækin ?

# Búnaður

- Eftirlit Brunamálastofnunar
  - Viðurkenning á uppsetningu og aðstöðu loftpressu, endurnýjað á 5 ára fresti.
  - Búnaður slökkviliðanna í samræmi við markmið Brunavarnaáætlunar.
  - Krafa um að búnaðurinn dugi til að ráða við verkefni slökkviliðsins sem þeim er falið með lögum nr. 75/2000 og sé í samræmi við reglugerðir
  - Krafa um að búnaðurinn uppfylli ÍST-EN staðla um búnað slökkviliðs